Landssamtökin
# Þroskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!

---

## Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri þroskahjálpar.

---

## HVAÐ ERU MANNRÉTTINDI?

Mannréttindi eru tiltekin lágmarksréttindi sem eru svo mikilsverð öllu fólki að ríki heims hafa skuldbundið sig til að tryggja að **allir** skuli njóta þeirra, **alltaf** og **alls staðar**.

Mannréttindi eru lagaleg réttindi sem njóta sérst. verndar skv. stjskr. og alþj.lögum (mannr.samn.).



## DÆMI UM MANNRÉTTINDI:

- Skoðana-, tjáningar-, funda- og félagafrelsið.
- Réttur til einkalífs og heimilis.
- Réttur til framfærslu, menntunar og heilsugæslu.
- Stjórnmálaleg og borgaraleg og efnahagsleg og félagsleg mannréttindi eru ein heild, styðja hver önnur og eru hver öðrum háð.
- Jafnræðisreglan (Bann við mismunun) – Meginþáttur í mannréttindum.

*Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis,* ***fötlunar*** *og stöðu að öðru leyti.*

## Mannréttindayfirlýsing SÞ – Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks.

- **Mannréttindayfirlýsing SÞ (1948)** er grundvöllur fjölþjóðlegra mannréttindasamninga.
- „Hvar eru rætur alþjóðlegra mannréttinda? Á litlum stöðum, nærri heimilum okkar. – Svo litlum að þeir sjást ekki á neinum kortum af heiminum. Samt eru þeir veröldin sem hver og ein manneskja lifir og hrærist í; samfélagið þar sem hún á heima; skólinn sem hún gengur í; verksmiðjan, bóndabýlið eða skrifstofan þar sem hún vinnur. Þetta eru staðirnir þar sem sérhver maður, kona og barn sækist eftir réttlæti, jöfnum tækifærum og virðingu, án mismununar. Ef þessi réttindi eru ekki virt þar verða þau ekki virt annars staðar. Ef við stöndum ekki saman vörð um þessi réttindi okkar allra þar sem við eigum heima munu þau ekki gagnast til að gera heiminn allan að betri stað fyrir okkur öll." (Elanor Roosevelt).
- **Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks:**
- Gerður árið 2006. – Árétting viðurkenndra mannréttinda m.t.t. fatlaðs fólks.
- Langflest ríki í heiminum (180) hafa fullgilt samninginn og þar með skuldbundið sig til að framfylgja honum.
- Viðurkenning á alvarlegri mismunun og órétti sem fatlað fólk þarf að þola hvarvetna í heiminum og skyldu ríkja til að bregðast við.
- Nær til stjórnmálalegra, borgaralegra, efnahagslegra, félagslegra, menningarlegra mannréttinda. – Og allra sviða samfélagsins.

## Stjórnvöld og mannréttindi fatlaðs fólks.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt með því alla þá sem fara með opinvert vald og stjórnsýslu á Íslandi, þ.e. hjá **ríki og sveitarfélögum**, til að framfylgja öllum ákvæðum þessa mikilvæga mannréttindasamnings og tryggja að fatlað fólk á Íslandi njóti allra þeirra mannréttinda sem samningurinn mælir fyrir um, **burtséð frá því hvar það býr á landinu.**

**Hvað þýðir fullgilding samnings?**

**Samningur SÞ nær til alls samfélagsins. - Opinberir aðilar / Einkageiri.**

## MEGINREGLUR SAMNINGS SÞ.

- Virðing fyrir eðlislægri mannlegri reisn, sjálfstæði og sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir. – **Sjálfstætt og eðlilegt líf til jafns við aðra.**
- **Ríki skulu banna og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar.** – ***Viðeigandi aðlögun.***
- Full og virk þátttaka í samfélaginu **án aðgreiningar**. – **Útrýming stofnana.**
- Virðing fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni.
- Aðgengi að samfélaginu. – Mannvirkjum, **upplýsingum**, þjónustu.
- **Virðing fyrir réttindum fatlaðra barna** almennt og sérstaklega til að njóta fjölskyldulífs. – *Sjá einnig Barnasáttmála SÞ.*

## Svið sem samningur SÞ nær til. – Ákvæði samnings.

**Jafnræðisregla samnings SÞ:**

*Jafnrétti og bann við mismunun.*

- 1. Aðildarríkin viðurkenna að allir menn eru jafnir fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurrar mismununar.
  2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.
  3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi **viðeigandi aðlögun** til boða.
  4. Eigi ber að líta á **sértækar ráðstafanir**, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

## Jöfn fyrir lögum. - Lögformlegt hæfi (rétthæfi / gerhæfi).

- Rétturinn til að taka ákvarðanir um hvernig maður hagar lífi sínu.
- Fatlað fólk sá hópur sem oftast þarf að þola skerðingar á þessum rétti.
- Þessi réttur er útfærður í 12. gr. m.t.t. aðstæðna og þarfa fatlaðs fólks.
- Rétturinn er forsenda þess að fólk fái notið margra annarra mannréttinda, s.s. réttarins til að kjósa, stofna fjölskyldu, eignast börn, fara eða fara ekki í læknisaðgerð, njóta sjálfstæðs lífs, frelsis, eiga hluti og peninga og ráðstafa þeim o.s.frv.
- **Réttur til að fá viðeigandi stuðning til að taka eigin ákvarðanir í stað staðgöngu við ákvarðanir.**

## Rétturinn til sjálfstæðs lífs.

- **<u>Almennt um sjálfstætt líf.</u>**
- Fatlað fólk ræður hvar og með hverjum það býr.
- Fatlað fólk á rétt á þjónustu þar sem það kýs að búa og er óheimilt að binda þá þjónustu skilyrðum um að fólk búi á tilteknum stöðum eða stofnunum.
- Stjórnvöldum er skylt að vinna að útrýmingu stofnana með skipulegum hætti og markvissum áætlunum.
- Skylt er að hafa samráð við fatlað fólk með þegar réttinum til að lifa sjálfstæðu lífi er framfylgt.
- **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).** – Mjög góð leið til að stuðla að þessum réttindum og tækifærum fatlaðs fólks.

## Skylda stjórnvalda til samráðs við fatlað fólk og samtök. - Vitundarvakning

Samningur SÞ: Samráð.

- „Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“
- **<u>Á við um öll svið sem samningur SÞ tekur til.</u>**

Samningur SÞ: Vitundarvakning.

- „Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlausar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að vitundarvakningu alls staðar innan samfélagsins, einnig á vettvangi fjölskyldunnar, um fatlað fólk og að auka virðingu fyrir réttindum og mannlegri reisn þess ... .“

## Skyldur sveitarfélaga m.t.t. mannréttinda fatlaðs fólks.

- Ríki og **sveitarfélögum** er skylt að forgangsraða verkefnum og fjárveitingum m.t.t. mikilvægis þeirra í skilningi mannréttindaskuldbindinga og laga.
- Hafi ríkið ekki tryggt sveitarfélögum það fjármagn sem þau telja sanngjarnt og nauðsynlegt til að uppfylla skyldur sínar gagnvart fötluðu fólki verða þau að eiga það við ríkið. - Sveitarfélög geta ekki neitað fólki um mannréttindi með skírskotun til þess.
- **Samningur SÞ er mjög gagnlegt og öflugt tæki** fyrir sveitarfélög sem vilja standa sig vel í mannréttindamálum.

Landssamtökin
Þroskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!